



LANDPÖRF ORKUVINNSLUÐNAÐARINS A ÍSLANDI

Erindi flutt á landnýtingarráðstefnu
LANDVERNDAR 6. - 7. apríl 1973

Eftir

Jakob Björnsson
orkumálastjóra

Reykjavík, mars 1973

335.7
JRC



ORKUSTOFNUN

LANDFÖRF ORKUVINNSLUÐNAÐARINS Á ÍSLANDI

Erindi flutt á landnytingarráðstefnu
LANDVERNDAR 6. - 7. apríl 1973

Eftir

Jakob Björnsson
orkumálastjóra

Reykjavík, mars 1973

10906 ost 39

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur.

2. Vatnsafl.

- 2.1 Landrými til miðlunar.
- 2.2 Landrými fyrir stöðvarhús, vatnsvegi og þess háttar mannvirkni.
- 2.3 Landrými fyrir orkuflutningslinur.
- 2.4 Landrými fyrir aðveitustöðvar.

3. Jarðhiti.

- 3.1 Landrými fyrir jarðgufurafstöðvar.
- 3.2 Landrými til nýtingar jarðhita til annarra hluta en raforkuvinnslu.
- 3.3 Landrými fyrir flutningsleiðslur frá jarðhitasvæðum.

4. Kröfur til landgæða.

5. Svæði, sem eðlilegt er að afmarka fyrir starfssemina.

6. Þýðing orkuvinnslunnar fyrir þjóðarbúskap Íslendinga.

7. Þróun og framtíðarviðhorf í orkuvinnsluiðnaðinum.

8. Áhrif orkuvinnslu á land, náttúru og umhverfi.

- 8.1 Vinnsla raforku úr vatnsafli.
- 8.2 Vinnsla raforku úr jarðhita.
- 8.3 Vinnsla varna til annarra nota en raforkuvinnslu.
- 8.4 Orkuflutningslinur.
- 8.5 Aðveitustöðvar.
- 8.6 Heitavatnsleiðslur.

9. Áhrif orkuvinnslu á aðra efnahagslega starfssemi.

- 9.1 Vinnsla raforku úr vatnsafli.
- 9.2 Vinnsla raforku úr jarðhita.
- 9.3 Vinnsla jarðvarma til iðnaðar og hitunar
- 9.4 Flutningur raforku.
- 9.5 Flutningur heitavatns.
- 9.6 Aðveitustöðvar.

10. Hugsanleg samnot lands.

- 10.1 Vinnsla raforku úr vatnsafli.
- 10.2 Vinnsla raforku úr jarðhita.
- 10.3 Nýting jarðhita til iðnaðar og hitunar.
- 10.4 Flutningur raforku og heitavatns. Aðveitustöðvar.

11. Löggjafarsjónarmið.

12. Akvörðunarvald í orkuvinnsluiðnaðinum.

<u>Yfirlit 1</u>	Vatnsvirkjanir á Íslandi. Miðlunarlón.
<u>Yfirlit 2</u>	Háhitasvæði á Íslandi.
<u>Yfirlit 3</u>	Landnotkun vatnsorkuvera, önnur en undir miðlunarlón,
<u>Myndir 1- 6</u>	Vatnsvirkjanir á Íslandi; miðlunarlón.
<u>Myndir 7-10</u>	Háhitasvæði á Íslandi.

1. Inngangur.

I erindi þessu er ætlunin að ræða þörf orkuvinnslu iðnaðarins hér á landi til landrýmis í framtíðinni. Með orkuvinnslu-iðnaði er hér átt við þá starfssemi að vinna nothæfa orku úr hráorkulindum. Hér á landi er um að ræða vinnslu raforku úr vatnsafli eða jarðhita og vinnslu varmaorku úr jarðhita. Vatnsafl og jarðhiti eru einu innlendu orkulindirnar, sem við eígum, eins og kunnugt er. Flutningi orkunnar frá vinnslustað til notenda verða og gerð nokkur skil.

Þar eð mikið af orkulindum okkar er ónytjað ennþá, og ekki er unnt að segja til um það nú, hversu hratt nýting þeirra gengur fyrir sig, verður erindi þetta að mestu án tímasetningar, en miðast við að orkulindir landsins séu nokkurn veginn fullnýttar. Slikt mark kann að virðast langt undan, en þá ber að minnast þess, að í upphafi skal endinn skoða. Það viðhorf er undirstaða allrar góðrar skipulagningar.

Þar eð hér er um yfirgrípsmikið efni að ræða, verður reynt að raða einstökum atriðum skipulega niður, að mestu í samræmi við þær leiðbeiningar um tilhögun framsöguerinda, sem sendar voru út fyrir ráðstefnu þessa.

2. Vatnsafl.

2.1 Landrými til miðlunar.

Langsamlega stærsti hluti þess landrýmis, sem virkjun vatnsafls leggur hald á, fér undir vatnuspistöður; miðlunararlón.

Rennsli fallvatna hér á landi er súlikum breytingum undir-orpið frá einum árstíma til annars, að skynsamleg nýting þeirra til raforkuvinnslu gerir það nauðsynlegt að koma upp miðlunararlónum alls staðar þar sem aðstæður eru hentugar til sliks, í því skyni að geyma þar vatn milli árstíða.

Í sumum fallvötnum er alls engin aðstaða til síklarar uppistöðugerðar. Virkjanir þar geta þó, vegna innbyrðis samtengingar virkjana í eitt raforkukerfi, notið góðs af miðlunaruppistöðum í öðrum fallvötnum. Þetta eykur kröfurnar til geymslurýmis á þeim stöðum, þar sem aðstæður eru góðar til að gera uppistöður og veldur því m.a., að reynt er að hafa þær eins stórar og aðstæður frekast leyfa.

Sé litið á vatnsafl Íslands, er það áberandi, hve lítið er um náttúruleg stöðuvötn á hentugum stöðum. Þessum verulega á annan veg farið í ýmsum nágrannalöndum okkar, eins og t.d. Noregi og Svíþjóð, þar sem langflestarmiðri háttar miðlunaruppistöður eru myndaðar með því að hækka eða lækka vatnsborð náttúrulegra stöðuvatna. Oftast er raunar hvort tveggja gert. Vel er hugsanlegt, að það verði öðru fremur skortur á miðlunarrými, sem kemur til með að takmarka vinnslugetu íslenzku vatnsorkuveranna í framtíðinni.

Orkustofnun hefur á undanförnum árum unnið að rannsókn á vatnsaflinu á Íslandi. Í því sambandi hafa aðstæður til miðlunar einnig verið kannaðar. Þessum rannsóknum er enn langt frá því að vera lokið, og hugmyndir eiga því eftir að breytast. Á grundvelli núverandi þekkingar okkar á vatnsaflinu hefur verið gert yfirlit yfir stærðir miðlunarlóna, og fylgir það yfirlit hér með.

Alls er landrýmispörf undir miðlunarlón talin á yfirlitinu 991 km^2 . Af því telst okkur til, að 396 km^2 séu flatarmál náttúrulegra stöðuvatna, straumvatna og áreyra, er verða hluti miðlunarlónanna. Afgangurinn, 595 km^2 , er þá land, sem sett yrði undir vatn. Af því virðast 153 km^2 vera gróið land, en 442 km^2 ógróið (sandar, mellar, hraun).

Landþörfin til miðlunar er mismunandi eftir landshlutum, eins og vatnsorkan sjálf. Mest er þessi þörf á Suðurlandi, en næst á Austurlandi. Stærsta gróðurlendið, sem undir vatn fer skv. þessu yfirliti, er í Þjórsárverum, 60 km^2 (vatnsborðshæð 589.2 m y.s.).

2.2 Landrými fyrir stöðvarhús, vatnsvegi og þess háttar mannvirkji.

Í samanburði við það landrými, sem miðlunarlónin krefjast, er landþörf sjálfra orkuvinnslumannvirkjanna, þ.e. að-rennslis- og frárennslisvega, stöðvarhúsa, útvirkja o.p.h. mjög lítið. Á yfirliti 3, er hér fylgir með, er lauslega gerð grein fyrir landþörf í þessu skyni. Samtals er hér um að ræða nálægt 25 km².

2.3 Landrými fyrir orkuflutningslinur.

Háspennulinur, sem flytja orku frá orkuverum til notendanna, taka að sjálfssögðu einnig landrými. Að frátöldu því landi, sem sjálf möstrin taka, er bera línuna uppi, er þó frekar um að ræða takmörkun á landnotum í næsta nágrenni línunnar en að beinlinis sé lagt hald á landið. Land það, er möstrin leggja hald á, er mjög lítið. Hins vegar fer það eftir eðli máls, hversu alvarleg þessi takmörkun á landnotum í næsta nágrenni orkuflutningslinu er. Þannig má t.d. hafa full not, eða því sem næst, af sliku landi til ræktunar, vegagerðar eða útivistar, en aftur á móti ekki til að byggja á því hús. Þessi takmörkun er því tilfinnanlegust í grennd við þéttbýli.

Ekki er hér gerð tilraun til að áætla, hversu marga km² lands orkuflutningslinur muni þarfnað hér á landi í framtíðinni. Til þess eru athuganir á líklegri byggingu orkuflutningskerfisins í framtíðinni of skammt á veg komnar.

2.4 Landrými fyrir aðveitustöðvar.

Orkuflutningslinurnar enda hjá notendum í svonefndum aðveitustöðvum, þar sem spennan er lækkuð og þaðan, sem orkunni er síðan dreift til einstakra notenda um línur með lægri spennu eða um jarðstrengi. Þessar stöðvar standa því yfirleitt í nágrenni þéttbýlis. Landrýmið, sem þær

krefjast, er í sjálfu sér ekki mjög mikið, en landið getur verið mjög verðmætt vegna nálægðar sinnar við þéttbýli. Auk þess þarf staðsetning þessara stöðva að vera þannig, að auðvelt sé að leggja til þeirra og frá þeim orkuflutnings- og dreifilínurnar. Ef þessar línum eru margar, getur það oft verið erfitt, ef stöðin á jafnframt að vera nálægt þéttbýli. Á fáum sviðum er eins brýn þörf fyrir góða skipulagningu og framsýni eins og við að velja stórri aðveitustöð stað. Mjög mikilvægt í því sambandi er, að til sé vel unnið aðalskipulag til langt tíma af því þéttbýlissvæði, sem slíkri stöð er ætlað að þjóna.

3. Jarðhiti.

3.1 Landrými fyrir jarðgufurafstöðvar.

Jarðgufurafstöðvar nýta gufu þá, sem annaðhvort fæst beint úr borholum eða frá skiljum, þar sem vatn það, er kemur upp úr holunni ásamt gufunni, er skilið frá. Slik rafstöð notar gufu frá mörgum borholum eða skiljum, og þarf þá að leiða gufuna, blöndu af gufu og vatni, eða vatn undir þrýstingi, frá borholum að skiljunum (ef þær eru ekki settar við sjálfar borholurnar) og þaðan að rafstöðinni. Þar eð ekki má bora holurnar mjög nærri hver annarri til þess að þær trufla ekki hver aðra, þá leiðir þetta til þess, að leggja þarf allviðáttumikið leiðslukerfi eða pípukerfi út frá rafstöðinni út í borholurnar. Viðáttu þess ræðst af stærð rafstöðvarinnar, og því, hvað staðhættir á jarðhitasvæðinu eru taldir leyfa þétta borun. Þetta leiðslukerfi takmarkar þá stærð rafstöðvar, sem hagkvæmt er að reisa á einum stað. Ef nýta á háhitasvæði umfram það, sem hentugt þykir að hafa í einni rafstöð með tilheyrandi leiðslukerfi, verður að reisa aðra stöð og leggja annað leiðslu- og borholukerfi annars staðar á svæðinu, svo langt frá hinu fyrra, að borholurnar í einu kerfi trufla ekki borholurnar í hinu.

Við hérlendar aðstæður á jarðhitasvæðum fellur til mikið heitt vatn frá gufuskiljunum, sem inniheldur mikla varmaorku, sem ekki borgar sig að nýta til vinnslu raforku, auk orkunnar í lágþrýstigufunni frá rafstöðvum. Hins vegar mætti nýta þessa orku til margra annarra hluta, svo sem upphitunar, ef nálægur markaður er fyrir hendi. Nú eru mörg íslenzku háhitasvæðin svo langt frá mannabyggð, að slíkum hitunarmarkaði er ekki til að dreifa, þar eð því eru nokkuð þróng takmörk sett, hversu langt borgar sig að leiða heitavatn. Má þá ^{*}hugsa sér ýmis önnur not fyrir heitavatnið, svo sem til iðnaðar; fiskeldis; ylræktar o.fl. Því er líklegt, að sumar jarðgufurafstöðvar hér á landi verði í framtíðinni reistar sem hluti af svonefndum "samfléttum" eða "komplexum", t.d. sem hluti raforku-ylræktar- fiskiræktar- samfléttu; iðnaðarraforku-samfléttu og svo framvegis. Verða þá aðrir þættir samfléttunnar að fá landrými í grennd við borholurnar og leiðslukerfið, til þess að flutningur heita vatnsins verði ekki of dýr. Eykur það kröfurðar til landrýmis á hitasvæðinu.

Sums staðar mun sjálfsgagt ekki þykja henta að koma upp slíkum samfléttum, og verður þá að losna við varmaorku heitavatnsins, sem skilið er frá, og varmaorku lágþrýstigufunnar frá rafstöðinni. Nýtni rafstöðvarinnar verður bezt, ef þessi gufa er þétt í eimsvala. Til þess þarf kælivatn. Nú er oft lítið um yfirborðsvatn til þeirra hluta á háhitasvæðum, og magn þess oft langtínum saman minna en samsvarar kælibörfinni.

Er því líklegt, að nauðsynlegt reynist að nota afgangsvatnið sem kælivatn. Til þess þarf að kæla það áður. Það er ódýrast að gera í kælitjörnum. Þær krefjast mikils landrýmis. Kæliturnar koma líka til greina, og myndu þeir spara mikið landrými, en þeir yrðu oftast mun dýrarí en tjarnirnar, auk þess sem erfiðleikar gætu orðið á rekstri þeirra á vetrum, vegna ísmyndunar. Landrými fyrir kælitjarnir og annan kælibúnað á svæðum með raforkuvinnslu eingöngu kemur þá á móti því landrými, sem samfléttupættir aðrir en rafstöðvarnar, taka.

Þegar þess er gátt, að borholurnar verður að hafa nokkuð dreift, og að leggja verður eitt leiðslukerfi við hliðina á öðru; að aðrir samfléttupættir en raforkuvinnslan, eða þá kælitjarnir, þurfa landrými, þá mun ekki fjarri að álykta, að nýting jarðhita til raforkuvinnslu muni leggja hald á allt jarðhitasvæðið að heita má. Með því hefur verið reiknað á því yfirliti, sem hér fylgir með (Yfirlit 2). Þar eru jarðhitasvæði, sem ætla má, að verði helst nýtt til raforkuvinnslu, talin samtals 208 km^2 , þar af gróðið land 6.5 km^2 og ógróðið land 201.5 km^2 .

Orkuflutningslinur frá jarðgufurafstöðum eru alveg sams konar og frá vatnsaflsstöðum, og vísast því til þess, sem áður er sagt um það mál. Sama gildir um aðveitustöðvar.

3.2 Landrými vegna nýtingar jarðhita til annarra hluta en raforkuvinnslu.

Þess er vænzt, að jarðhitasvæði í næsta nágrenni byggða, einkum þéttbýlis, verði fyrst og fremst nýtt til hitunar og iðnaðar. Að því er tekur til landrýmis, er ekki ástæða til að gera mikinn mun á slikri nýtingu og til raforkuvinnslu. Í báðum tilvikum er því gert ráð fyrir, að nokkurn veginn allt jarðhitasvæðið sé notað. A meðfylgjandi yfirliti (yfirlit 2) er gert ráð fyrir samtals 126 km^2 til jarðhitanytingar í þessu skyni, þar af 21 km^2 af grónu landi og 105 km^2 af gróðurlausu landi.

3.3 Landrými fyrir flutningsleiðslur frá jarðhitasvæðum.

Þar sem jarðhitasvæði eru nýtt til fjarhitunar þarf að leiða varmaorku þeirra í formi heitavatns frá vinnslustöðnum, borholunum, til notendanna. Þessar varmaflutningsleiðslur samsvara orkuflutningslinum raforkukerfanna. Þær þurfa að sjálfsögðu einnig landrými, sambærilegt að magni til við landþörf vegar. Gagnstætt því, sem sagt var um háspennulínur fyrir raforku, útiloka varmaflutningsleiðslur önnur not af landi því, er undir þær fer.

Þar eð slikur varmaflutningur getur, kostnaðar vegna, aðeins farið fram yfir takmarkaða vegalengd, verður hann bundinn við nágrenni þéttbýlis. Einnig á þessu sviði er mikil nauðsyn á vandaðri skipulagningu og framsýni, jafnvel þótt landrýmið undir svona varmaleiðslur sé ekki mjög mikið, til að koma í veg fyrir árekstra við önnur landnot í þéttbýli og næsta nágrenni þess. Ekki er hér gerð tilraun til að áætla stærð þess landrýmis, er nota þarf í þessu skyni.

4. Kröfur til landgæða.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir því, á hvern hátt orkuvinnsluðnaðurinn hér á landi mun í framtíðinni gera kröfur til landsnota og um hversu mikið landrými hér er að ræða.

Gagnstætt því, sem er um aðra starfssemi, gerir orkuvinnsla úr vatnsafli eða jarðhita engar eða fáar sérstakar kröfur um gæði þess lands, sem hún notar. Undir vatnuspistöðu má nota hvort heldur er stöðuvatn, ógróna mela eða gróið land, svo fremi að landslag og jarðfræðiaðstæður geri miðlunarvirkin á annað borð efnahagslega framkvæmanleg. Jarðhitasvæði má nýta hvort heldur sem það er gróið eða ógróið. Æskilegt er þó, að slikt svæði sé sæmilega greiðfært yfirferðar, án mikils kostnaðar, en sjaldan er um neitt að velja í því efni. Aðalatriðið er, að það hafi hátt hitastig, og þar næst skiptir lega þess mestu mál. Segja má því, að lega landsins skipti meginmáli fyrir nothæfni þess í orkuvinnsluðnaðinum, fremur en eðli þess og ásigkomulag að öðru leyti.

Telja verður eðlilegt að afmarka orkuvinnsluðnaðinum það land, sem talið er á yfirlitum 1, 2 og 3, er hér fylgja með. Að "afmarka orkuvinnsluðnaðinum" táknað þá, að þessum landssvæðum verði ekki ráðstafað til nýrra nota,

annarra en nú eru höfð af þeim, án samráðs við orkumála-yfirvöld hverju sinni, né heldur verði númerandi not af þeim aukin án sliks samráðs.

Nánar þarf að sjálfsögðu að tilgreina einstök svæði en gert er á yfirlitunum áður en gengið er frá afmörkun þeirra til orkuvinnslu í allsherjaráætlun um nýtingu landsins.

Hér á eftir verður rætt um áhrif orkuvinnslustarfsseminnar á náttúru og umhverfi og á aðra efnahagslega starfsseimi. Eins og þar kemur fram, táknað afmörkun lands til orkuvinnslu ekki endilega að ekki megi nýta landið til neins annars. Sú afmörkun lands, sem hér er lögð til, er gerð í þeim tilgangi að gera grein fyrir því, hvar búast megi við, að orkuvinnslumannvirki verði staðsett í framtíðinni, og hvaða landssvæði sé rétt að ætla til þeirra, fyrst og fremst, og ráðstafa ekki til annarra hluta um sinn.

6. Þýðing orkuvinnslunnar fyrir þjóðarbúskap Íslendinga.

Öll hin tæknivæddu þjóðfélög nútímans byggja tilveru sína á mikilli notkun orku. Hlutdeild raforku í heildarnotkun orku fer hvarvetna ört vaxandi, og lýsir sér í því, að vöxtur raforkunotkunar er miklum mun örari en vöxtur orkunotkunar í heild. Ætla má, að þessi þróun verði enn örari hvarvetna í framtíðinni, vegna þess að notkun raforku mengar umhverfið miklum mun minna en notkun flestra annarra orkuforma. Þá er að vísu eftir vandamálið með mengun samfara vinnslu sjálfrar raforkunnar, sem getur orðið örðugt sums staðar, en varla hér á landi, meðan við eignum nóga óvirkjaða vatnsorku, en vinnslu raforku úr vatnsafli fylgir engin mengun lofts eða vatns, sem kunnugt er.

Hér á landi kemur það sjónarmið til viðbótar hinu fyrra, að orkulindirnar eru tvímælalaust meðal verðmætustu auðlinda Íslands á landi. Vandinn er einkum sá, að hafa efni á og kunnáttu til að nýta þær þjóðinni til góðs.

Það leikur því enginn vafi á því, að þýðing orkuvinnslu-
iðnaðarins fyrir þjóðarbúið er mjög mikil, þar eð sumpart
er þar um að ræða undirstöðu nútíma þjóðfélags, orku til
iðnaðar, heimila og annarra almennra nota, en að hinu
leytinu nýtingu á náttúruauðlind í efnahagslegum tilgangi,
sem að öðrum kosti lægi ónotuð um langan aldur. Hér er
átt við vinnslu orku til svonefnds orkufreks iðnaðar,
þ.e. iðnaðar, sem byggir tilveru sína fyrst og fremst á
ódýrri orku í nægjanlegu magni. Hversu mikinn skerf til
þjóðarbúsins orkulindirnar munu leggja í framtíðinni, fer
að talsverðu leyti eftir því, hversu til tekst að byggja
hér upp slikan iðnað á þann hátt og með þeirri skipan, að
hann skili þjóðarbúinu verulegri aðsemi.

7. Þróun og framtíðarviðhorf í orkuvinnslu- iðnaðinum.

Ennþá er ekki nema 8% af efnahagslega nýtanlegri vatnsorku
landsins virkjuð, að því er talið er, og varla mikið meira
af jarðhitnum heldur. Orkulindir okkar eru því mikið til
ónotaðar. Um það hefur margsinnis verið rætt og ritað,
hver þróunin muni verða í framtíðinni í þessu efni, eða
hvað væri æskilegt, að hún verði. Það eina, sem hér skal
sagt um þetta efni, er, að við höfum hér mikla möguleika,
og það er fyrst og fremst undir okkur sjálfum komið, hversu
okkur tekst að nýta þá. Ég hefi á öðrum vettvangi látið þá
skoðun í ljós, að mikil nauðsyn væri á að kanna á kerfis-
bundinn hátt áhrif mismunandi orkunýtingaráætlana á þjóðar-
búskapinn. Fyrst á grundvelli slikrar könnunar er unnt
að taka skynsamlegar ákvarðanir í þessum efnum. Ég vil
hér engu spá um það, hver niðurstaða slikrar könnunar yrði
í einstökum atriðum, en mjög líklegt þykir mér, að hún
leiddi í ljós möguleika á miklu örari þróun orkuvinnslu hér
á landi en verið hefur. Því tel ég það aðeins eðlilega
varfærni í áætlanagerð um landnýtingu að ætla orkuvinnslu-
iðnaðinum nú á þessu stigi málsins landrými ámóta og það,

sem sýnt er á yfirlitunum. Sýni það sig, að þróunin verði hægari en ég vék hér að áðan, er auðvelt að færa landið til annarrar notkunar; á hinn bóginn getur reynzt erfitt að taka land til orkuvinnslu, sem áður hefur verið eyrnamarkað til annara nota.

8. Áhrif orkuvinnslu á land, náttúru og umhverfi.

8.1 Vinnsla raforku úr vatnsafli.

Land það, sem eitt sinn er farið undir miðlunaruppiстöðu, verður trauðla nýtt til annarra hluta beinlinis. Hins vegar getur sjálf uppistaðan þjónað ýmsum öðrum tilgangi en þeim að geyma vatn, sem mýmörg dæmi eru um frá öðrum löndum. Einkum eru slikar uppistöður eftirsóttar til ýmiss konar útlífs, svo sem bátsferða og baðlífs og sportveiða. Hér á landi verður varla mikið um baðlíf á ströndum uppi-stöðulóna, en bátsferðir og veiðiskap má mætavel hugsa sér. Virkjunarframkvæmdir stórbæta yfirleitt samgöngur til virkjunar- og miðlunarsvæða og innan þeirra, og gerir þannig ferðamönnum auðveldara að komast þangað. Þannig getur virkjun vatnsafls opnað ný ferðamannasvæði og stuðlað að dreifingu ferðamannastraumsins frá þeim stöðum, sem nú er mest aðsókn að og sumir hverjir munu illa þola aukna ásókn. Er ástæða til, að yfirvöld ferðamála gefi gaum að þessum möguleikum.

Vatnsaflvirkjanir hafa þann mikla kost fram yfir allar aðrar aðferðir til vinnslu raforku, að þær menga hvorki vatn né loft með aðskotaefnum. En þar fyrir geta þær haft margvisleg áhrif á náttúru og umhverfi þess svæðis, sem þær eru í, á vistkerfi þess. Þessi áhrif geta verið með mörgu móti, bæði æskileg og óæskileg. Meginatriði í þessu sambandi er það, að menn reyni að gera sér grein fyrir því fyrirfram, hver þessi áhrif eru í einstökum atriðum. Með því móti munu mörg deilumál hverfa. Hins vegar er það

í sumum tilvikum allt annað en einfalt mál að gera sér grein fyrir þessu, og mun kosta rannsóknir, umhverfis- rannsóknir. Þær eru nú orðnar fastur liður í virkjunar- rannsóknum Orkustofnunar og verða svo í framtíðinni. Með slikum rannsóknum og könnun fyrirfram á afleiðingum virkjunar- og miðlunarvirkja á umhverfi sitt, ætti að mega taka skyn- samlegar ákvarðanir um hönnun þessara mannvirkja á þann hátt, að allir geti sәmilega vel við unað. Ætla má einnig, að með slikum vinnubrögðum megi koma auga á ýmsar leiðir til að draga úr óheppilegum umhverfisáhrifum þessara mannvirkja, jafnframt því sem möguleikar til að skapa jákvæð áhrif á umhverfið verði þá einnig teknir með í reikninginn.

Kunnasta dæmið hér á landi um hugsanleg áhrif virkjunar á vistkerfi umhverfisins er án efa Þjórsárver. Þar hefur Orku- stofnun látið fram fara rannsóknir síðan 1970, og þeim mun þurfa að halda áfram nokkur ár enn. Nýlega var hér staddur bandarískur prófessor, er flutti erindi við Háskólann um svonefnda kerfisvistfræði (systems ecology). Sem lið í því fyrirlestrahaldi hélt hann m.a. nokkra fundi með ýmsum íslenzkum sérfræðingum, þar sem til umræðu var gerð vist- kerfislikans af Þjórsárverum. Vonir standa til, að því verki verði haldið áfram. Tilgangurinn með sliku kerfis- likani er að gera mögulegt að framkvæma eftirlíkingar á líkanið af starfsháttum vistkerfis Þjórsárvera, fyrst í stað í sínu náttúrulega ástandi, til þess að sannprófa líkanið, en að því búnu eftirlíkingar til að kanna áhrif mismunandi miðlunarstærðar á starfshætti vistkerfisins, og til að segja þannig fyrir um áhrif miðlunarinnar. Enda þótt verki verki þessu með vistkerfislikanið sé ekki lokið og of snemmt að dæma um árangur þess, þá tel ég, að hér sé farið inn á mjög athyglisverða braut, og það af ýmsum ástæðum. Meðal annars þeirri að þessi háttur neyði sér- fræðinga úr mismunandi fræðigreinum til að vinna saman á kerfisbundinn hátt að lausn flókins verkefnis. Svipaðar aðferðir má einnig viðhafa á öðrum stöðum, t.d. þar sem virkjanir geta haft áhrif á laxarækt o.p.h., enda þótt

viðfangsefnið sé þar annars eðlis. Virðist t.d. sjálfsgagt að beita þeim á Laxá í S.Þing., en rannsóknir á vistkerfi hennar hafa staðið yfir undanfarin ár á vegum Iðnaðarráðuneytisins. Mér er kunnugt um að í Bandaríkjunum hafa verið gerðar tilraunir með að beita vistkerfislikönnum við rannsóknir á laxgöngu í ýmsar virkjunarár á vesturströndinni.

Vatnsafslsvirkjanir geta einnig haft sjónræn áhrif á umhverfi sitt; breytt sjálfa útliti þess, skoða frá ákveðnu sjónarhorni eða frá ákveðnum stað. Þessi áhrif geta verið mikil, en örðugt er að meta, hvort þau séu til hins verra eða hins betra. Af neikvæðum útlitsáhrifum koma mér helzt í hug strendur uppistöðulóna, sem viða þykja ljótar. Eg held, að við séum að því leyti betur settir hér á landi, en nágrannar okkar, að við okkar uppistöðulón verða engar rotnandi skógarleifar til að setja leiðindasvip á þessar strendur. Auk þess verða uppistöðulónin yfirleitt næstum eða alveg full um aðalferðatímann hér á landi. Einnig má hér nefna sjálf stöðvarhúsin; inntaksveitur og stíflur, sem geta haft mikil sjónræn áhrif. Þar skiptir heppileg hönnun og smekklegur frágangur meginmáli, og í því efni hafa vatnsafslsvirkjanir hér á landi verið til fyrirmynnar öðrum mannvirkjum, og verður svo vonandi einnig í framtíðinni. Jarðstíflur, sem nú færast mjög í vöxt af kostnaðarástæðum, falla og oftast vel inn í umhverfið; betur en t.d. steinsteypustíflur, þótt þær geti einnig verið til mikillar prýði. Við eigum marga snjalla hönnuði á þessu sviði, og ég held ekki, að við þurfum næinu að kviða um útlitsáhrif virkjana okkar í framtíðinni.

8.2 Vinnsla raforku úr jarðhita.

Við vinnslu raforku úr jarðvarma þarf oft að losna við meiri eða minni afgangsvarma út í umhverfið, með kælingu. Þar er í eðli sínu um sams konar vanda að ræða og við venjulegar eldsneytisstöðvar eða kjarnorkustöðvar erlendis, þar sem þessi afgansvarmi getur valdið svonefnndri varmamengun.

Slik varmamengun getur haft margvisleg áhrif á vistkerfi umhverfisins, einkum vistkerfi straumvatna eða stöðuvatna, sem varmanum kann að vera hleypt í með kælivatni stöðvarinnar. Á íslenzkum jarðhitasvæðum yrði sjaldnast völ þess háttar kælingar, heldur yrði að nota kælitjarnir, þar sem varminn berst út í andrúmsloftið með uppgufun. Varmi, sem berst út í andrúmsloftið, berst fljótlega í burtu mēð vindum hér á landi, og yfirleitt virðast menn ekki hafa neinsstaðar áhyggjur af þesskonar varma fyrir vistkerfi á landi, gagnstætt því sem er um vistkerfi í vatni gagnvart afgangsvarma í vatni. Í logni mætti búast við einhverri samansöfnun gufu yfir jarðhitasvæðum, en með okkar vindasömu veðráttu er erfitt að sjá að slikt geti haft nokkur skaðleg áhrif, nema á einstökum, mjög afmörkuðum stöðum. Varmamengun frá vinnslu raforku úr jarðhita virðist því vera auðvelt að forðast.

Það vatn, sem upp úr borholum kemur, endar ferð sína úti í nágrenni jarðgufustöðvarinnar, nema því sé beinlinis dælt niður í borholur aftur. Stundum hefur vatnið úr borholunum, djúpvatnið svonefnda, nokkuð aðra efnasamsetingu en vatn á yfirborði. Djúpvatn, sem sleppt er út í umhverfið á yfirborði, getur því hugsanlega valdið efnamengun. Hvort um slikt er að ræða má auðveldlega ganga úr skugga um með efnagreiningu. Í versta falli má dæla djúpvatninu niður aftur, en sú aðgerð kostar nokkuð fé og hefur því áhrif á raforkukostnað frá stöðinni. Ekki verður því talin umtalsverð hætta á varma- eða efnamengun frá raforkuvinnslu úr jarðhita. Þetta eru þó atriði sem taka á til athugunar og rannsóknar í hvert sinn sem möguleikar til jarðgufuvirkjunar eru kannaðir.

Sjónræn áhrif mannvirkja til vinnslu raforku úr jarðvarma geta vafalaust orðið allmikil. Þarna er um nokkuð áberandi mannvirki að ræða - skiljur; pípuleiðslur, lokar; stöðvarhús; kælitjarnir- eftir að komið er inn á jarðhitasvæðið. Þess er að vænta að sjálf vinnslusvæðin verði lokuð fyrir umferð

ferðamanna af öryggisástæðum, nema undir leiðsögn. En þau geta mætavel verið sýnileg annarsstaðar að. Búast má við að örðugt sé að draga að marki úr þessum útlitsáhrifum, en þó getur hönnun vafalaust ráðið þarna nokkru um, og hugsanlega einnig staðsetning (t.d. afstaða fjölfarinna vega gagnvart svæðinu o.p.h.). Er rétt að hafa þessi atriði í huga þegar slik mannvirki eru hönnuð.

8.3 Vinnsla varma til annara nota en raforkuvinnslu.

Hér er rétt að greina á milli þeirra tilvika þar sem jarðhitinn er notaður á sjálfu jarðhitasvæðinu, t.d. í iðjuveri eða hitaskipti, og tilvika þar sem borholuvatnið er leitt út af svæðinu. Fyrra tilvikið er algerlega hliðstætt jarðgufurafstöð, nema hvað nýting varmans er yfirleitt betri en í jarðgufustöð, og hættan á varmamengun tilsvarandi minni. Í síðara tilvikinu, þar sem heitvatnið er leitt út af svæðinu, getur það valdið mengun á viðtökustað, einkum efnamengun, þar eð varminn er yfirleitt það vel nýttur að varmamengun er engin. Væntanlega heyrir það þó til algerra undantekninga að slikt geti valdið umtalsverðu óhagræði hér á landi.

8.4 Orkuflutningslinur.

Orkuflutningslinur hafa ekki bein áhrif á umhverfi sitt, ef frá er talið það land, sem fer undir möstrin. Vistkerfi þess raskast ekki á neinn hátt. En sliðar linur geta haft sjónræn áhrif á umhverfið; breytt útliti þess, séð frá ákveðnum stað eða undir ákveðnu sjónarhorni; valdið "sjónrænni mengun". Um slikt er sáran kvartað í "ýmsum nágrannalöndum, t.d. Danmörku, einkum þar sem margar háspennulinur liggja samhliða eða koma saman á annan hátt, t.d. í nálægð aðveitustöðvar. Sumpart er ástæðan til þessara

kvartana sú, að höggvin er bein gata í skóginн beggja vegna háspennulínu, sem liggur um skóglendi, og síkar beinar linugötur geta verið mjög áberandi í skóginum. Síku er ekki til að dreifa hér á landi, enda heyrast hér engar kvartanir enn sem komið er. Hér er um að ræða áhrif sem eru lítt eða alls ekki mælanleg, heldur einstaklingsbundin og huglæg fremur en hlutlæg.

Vert er fyrir okkur að gefa gaum að þessum atriðum í tíma. Hvaða áhrif hefur t.d. lína norður Sprengisand á svip umhverfisins; þann sem ferðamður sér á leið sinni? Er æskilegast að þjappa væntanlegum línum um hálendið á fáeinarr afmarkaðar leiðir í því skyni að geta haldið öðrum hlutum hálendisins ósnortnum af völdum orkuflutningslína? Eða er kankske rétt að dreifa þeim, sem mest og forðast að hafa þær nálægt hver annarri til að draga sem mest úr áhrifunum á útlit umhverfisins? Hvernig eigung við að fá svar við sílikum og þvílikum spurningum?

Áhrifin frá orkuflutningslínum á útlit umhverfisins eru mest í grennd við aðaveitustöðvar, gjarnan vegna þess, að þar koma yfirleitt margar síkar saman í hnapp, "mastraskóg". Þar eð þetta er yfirleitt í nágrenni þéttbýlis verður fleira fólk fyrir þessum áhrifum en ella, en á hinn bóginn kann það að draga úr truflandi áhrifum línnanna að þær eru í grennd þéttbýlis, þar sem mikið er fyrir um önnur útlitsáhrif mannvirkja. Undir öllum kringumstæðum er þó þörf góðrar skipulagningar á línlögnunum á sílikum stöðum svo sem áður er minnst á, einmitt vegna nálægðarinnar við þéttbýli.

8.5 Aðaveitustöðvar.

Aðaveitustöðvar eru yfirleitt byggðar sem útivirkri, úr stálgrindavirkjum eða úr steinsteypu. Þær eru yfirleitt í næsta nágrenni þéttbýlis. Síkar stöðvar leggja algert hald á land það er þær taka yfir, og verður það ekki notað til neins

annars, enda eru súlikar stöðvar jafnan afgirtar og rammlega læstar, af öryggisástæðum. Um sameiginleg landnot með annarri starfsemi er því ekki að ræða.

Að jafnaði er hinu afgirta landi gjörbreytt, það er sléttarð og grætt upp eða þakið möl eða malbiki. Upprunalegum svip þessa lands er því útrýmt með öllu, og aðveitustöð má í þessu tilliti líkja við byggingarlóð eða götu.

Útivirki aðveitustöðvarinnar hafa svipuð sjónræn áhrif og háspennulinur. Við þessum áhrifum er sjaldnast mikið unnt að gera; þó getur hönnun stöðvarinnar haft nokkur áhrif, einkum hæð útivirkjanna. Henni má oft ráða; þó útheimta lág útivirki jafnan stærra landrými fyrir stöðina. Þessi áhrif aðveitustöðva mega þó teljast smámunir, enda eru þær jafnan það nálægt þéttbýli að nóg er um mannvirkisáhrif hvort eða er.

8.6 Heitavatnsleiðslur

Súlikar leiðslur má leggja neðanjarðar eða huldar, og eru þá áhrif þeirra á umhverfið býsna lítil, helzt sjónræn, ef leiðslan er bein, en oftast veldur landslagið því að hún er ekki bein, og dregur þá úr sjónrænu áhrifunum.

Ef leiðsaln er lögð ofanjarðar geta útlitsáhrifin á umhverfið orðið meiri. Að öðru leyti er varla um áhrif á umhverfið að ræða.

9. Áhrif orkuvinnslu á aðra efnahagslega starfssemi

9.1 Vinnsla raforku úr vatnsafli

Vinsla raforku úr vatnsafli getur haft áhrif á landbúnað, með því að leggja ræktað land; ræktanlegt land eða beiti-land undir uppistöðulón eða önnur mannvirkni. Með hliðsjón af því, að flest stærstu orkuverin yrðu í óbyggð og að af landi því, sem fer undir uppistöðulón er aðeins 15,4% gróíð nú verður tæplega annað talið en að þessi áhrif á landbúnað séu mjög lítil, þegar á heildina er litið.

Rétt er að nefna það einnig hér, að um jákvæð áhrif á landbúnað getur verið að ræða vegna bættra samgangna og minnkaðra landsskemmda samfara minni flóðum í ám.

Vatnsaflsvirkjanir geta haft áhrif á fiskveiðar og fiskirækt í straumvötnum og stöðuvötnum. Ætla má, að einmitt á þessu sviði geti árekstrar milli raforkuvinnslu úr vatni og annarrar efnahagslegrar starfssemi orðið hvað mestir. Þetta á þó aðeins við um sumar ár. Flestar jökulárnar má virkja án hættu á slikum árekstrum. Því má heldur ekki gleyma að veiting vatns úr farvegi jökulár uppi við jökul til virkjunar annarsstaðar getur gert ána neðan veitivirkjanna að bergvatnsá er hæf sé til fiskigöngu, og þannig skapað veiðiá þar sem engin var fyrir.

Þar sem veruleg hætta er á árekstrum milli virkjunar- og fiskiræktarsjónarmiða, eða annarra efnahagslegra sjónarmiða, ætti að skipuleggja not árinnar frá fjölnýtingarsjónarmiði, þ.e. leitast við að hámarka heildararðinn af ánni til allra þeirra efnahagslegra nota sem hún er hæf til, í stað þess að líta á orkuvinnslu út af fyrir sig og veiði eða önnur slik efnahagsleg not út af fyrir sig.

Nefna má einnig, að raforkuvinnsla getur haft áhrif á önnur útlífsnot vatnsfalls og nágrennis þess en til veiðiskapar, svo sem til bátsferða eða byggingar sumarbústaða. Oftast

munu þessi áhrif vera jákvæð, þannig að virkjun auðveldar þessi not, enda þótt dæmi megi kankske finna um hið gagnstæða. Svipað er að segja um áhrif á ferðamannaiðnaðinn, þ.e. þjónustu og fyrirgreiðslu fyrir ferðamenn. Þar má ætla að áhrifin séu yfirleitt fremur jákvæð en hitt, svo sem vegna bættra samgangna til staða sem áður hafa verið afskekktir.

9.2 Vinnsla raforku úr jarðhita

Flest þau jarðhitasvæði, sem ætla má að helzt verði nýtt til raforkuvinnslu, eru afskekkt og í óbyggðum, þar sem engin efnahagsleg starfssemi fer nú fram. Það mikla varmamagn, sem afgangs verður frá raforkuvinnslunni, freistar til nýtingar á margvislegan hátt. Kanna þarf vandlega möguleikana í þeim eftum, en viðbúið er, að einmitt lega svæðanna muni torvelda efnahagslega ábataðom not þessa varma.

Ekki erunnt að koma auga á neina tálmun, vegna raforkuvinnslunnar, á starfssemi sem nú er rekin, þannig að áhrifin ættu öll að vera í jákvæða átt.

9.3 Vinnsla jarðvarma til iðnaðar og hitunar

Þau jarðhitasvæði, sem einkum verða nýtt til iðnaðar og hitunar húsa eru yfirleitt það nærri péttbýli, að nýting þeirra getur haft áhrif á aðra starfssemi í nágrenninu.... Sumpart getur þar verið um neikvæð áhrif að ræða, svo sem varmamengun í veiðiám; röskun á varmavinnslu sem fyrir var til minniháttar nota er víkja verður fyrir meiriháttar notum; takmörkun á nýtingu svæðis til útilífs og tilsvarendi rýrnun á þjónustu við ferðafólk. En sumpart verður um að ræða samskonar jákvæð áhrif og áður var lýst í sambandi við raforkuvinnslu með jarðhita, vegna þeirra

möguleika sem afgangsvarminn byður upp á. Enda þótt þessi varmi sé minni að magni en við raforkuvinnslu gefur nálægð svæðanna við byggð og þéttbýli margfalda möguleika til nýtingar.

9.4 Flutningur raforku

Þar sem háspennulinur liggja um ræktað land verður nokkur rýrnun á notagildi þess vegna mastranna og vegna nauðsynjar á varúð í meðferð véla og tækja í grennd við línurnar. Þessi áhrif eru þó hverfandi lítil og vafalaust má með góðri skipulagningu koma nokkurnveginn alveg í veg fyrir þau.

Þá geta háspennulinur hugsanlega rýrt gildi svæðis til útivistar og þar með rýrt eða dregið úr ferðamannapjónustu. Ælta má, að hér sé einnig um hverfandi lítil áhrif að ræða.

Háspennulinur geta truflað fjarskipti, enda þótt yfirleitt megi draga svo úr þeim áhrifum, að ekki sé umtalsvert óhagræði að. Samt myndi ekki þykja heppilegt að staðsetja viðtökustöðvar fyrir fjarskipti í grennd við súkar línur, og gæti það hugsanlega valdið árekstrum á einstaka stað. Slik mál má þá ávallt leysa með smávegis aukakostnaði.

Um jákvæð áhrif orkuflutningslína á aðra efnahagslega starfssemi er einnig tæpast að ræða, nema ef vera skyldi bættar samgöngur í einstaka tilvikum.

9.5 Flutningur heitavatns.

Heitavatnsleiðslur, a.m.k. ef þær liggja ofanjarðar, torvelda meira önnur afnot af landinu, sem þær liggja um, en háspennulinur, og hugsanleg áhrif á aðra starfssemi geta orðið meiri sem því nemur. En samt er þær varla um veruleg neikvæð áhrif að ræða. Jákvæð áhrif yrðu einnig óveruleg: helzt í sambandi við samgöngubætur.

9.6 Aðveitustöðvar.

Áhrif þessara mannvirkja á aðra efnahagsstarfssemi eru að heita má einvörðungu fólgin í því, að þær leggja hald á land það, er þær standa á. Þær eru að því leyti sambærilegar við aðra starfssemi í þéttbýli.

Áhrif á fjarskipti geta verið svipuð og frá háspennulínum, en með ólíkindum er að staðsetja þurfi aðveitustöðvar í grennd við viðtökustöðvar fjarskipta.

10. Hugsanleg samnot lands.

10.1 Vinnsla raforku úr vatnsaflri.

Uppistöðulón vatnsorkuvera og nágrenni þeirra eru viða um lönd eftirsótt svæði til útilifs (baðlíf, bátsferðir, veiðar, sumarbústaðir). Í sumum tilvikum fæla auðar strendur lónanna, meðan þau eru ekki full, fólk frá slíkum notum á þeim, en um slikt verður varla að ræða hér á landi, þar eð langflest miðlunararlónin yrðu full yfir aðalferðamannatímann hér. Þetta eru samnot, sem ætti að skipuleggja þegar í upphafi, samtímis virkjunarundirbúningi. Sum þessara lóna gætu einnig hentað til skautaferða á vetrum.

Viða erlendis er algengt að sameina virkjanir til raforkuvinnslu og áveitumannvirki. Um slikt yrði sjaldnast að ræða hér á landi. Vert væri þó, að landgræðslumenn leiddu hugann að möguleikum á þessu sviði hérlendis.

Áður er minnzt á þá möguleika til veiða og fiskræktar, sem breyting jökulár á bergvatnsá vegna virkjunar, hefur í för með sér. Einnig hér er ástæða til að skipuleggja samnotin snemma.

Hugsanlega geta byggingar í tengslum við virkjanir í óbyggðum jafnframt komið að notum við fyrirgreiðslu ferðamanna í óbyggðaferðum. Samgöngubætur í óbyggðum vegna virkjunarframkvæmda myndi og mega samnýta í sama skyni.

10.2 Vinnsla raforku úr jarðhita.

Samnot virðast hér framar öllu bundin við þá starfssemi, sem nýtir afgangsvarmann frá raforkuvinnslunni, svo og við fyrirgreiðslu ferðamanna, á sama hátt og nefnt var í sambandi við vatnsaflsstöðvar.

Vissan hluta hins heita afgangsvatns mun tæplega nokkurn tíma borga sig að nýta. Er hugsanlegt, að hann geti komið að gagni í sambandi við uppgræðslu á takmörkuðum svæðum á eða í grennd við jarðhitasvæðin?

10.3 Nýting jarðhita til iðnaðar og hitunar.

Einnig hér virðast samnot landsins fyrst og fremst vera möguleg við þá starfssemi, sem nýtir afgangsvarmann, en kanskje einnig við ferðamennsku (útilif) o.p.h.

10.4 Flutningur raorku og heitavatns. Aðveitustöðvar.

Erfitt er að koma auga á mikla samnýtingarmöguleika hér, nema hvað heitavatnsstokkar virðast vera vinsælir göngustígar.

11. Löggjafarsjónarmið.

Löggjöf sú, sem stýrir nýtingu orkulinda hér á landi, er að mestu í vatnalögum nr. 15/1923; orkulögum nr. 58/1967, og í sérlögum um einstaka orkufyrirtæki, sem stofnuð hafa verið með sérstökum lögum (Landsvirkjun, Laxárvirkjun, o.s.frv.). Það verður að teljast til baga, að ýmis ákvæði laga, er mjög snerta nýtingu orkulindanna, einkum í óbyggðum, eins og t.d. ákvæði um eignarétt á orkulindum o.p.h., eru afar óljós. Segja má, að brýn nauðsyn sé orðin á að endurskoða Vatnalögin frá 1923 og að setja hliðstæð lög um jarðhita. Án þess að mér sé um það kunnugt, þykir mér líklegt, að löggjöf um marga aðra starfssemi, er nýtir land og aðrar náttúruauðlindir, sé einnig orðin úreilt og þarfnið endurskoðunar.

Við slika endurskoðun þyrfti að gæta þess, að þau ákvæði einstakra slikra laga um nýtingu náttúruauðlinda, er taka til landnota, verði í innbyrðis samræmi. Kanske er líka nauðsynlegt að samræma fleiri ákvæði. Láta má sér detta í hug að setja ein allsherjarlög um náttúruauðlindir og nýtingu þeirra, en síðan sérlög til viðbótar um einstakar greinar slikrar nýtingar, svo sem orkuvinnslu, búskap, veiðar, ferðamál, o.s.frv. Þessu er hér með varpað fram til umræðu.

Vel má hugsa sér, að í slíkri samræmdri löggjöf eða þá allsherjarlöggjöf um nýtingu náttúruauðlinda væri beinlinnis mælt fyrir um samnot, þar sem þau þættu koma til greina, til þess að tryggja þjóðarheildinni sem mestan afrakstur náttúruauðlinda hennar.

12. Ákvörðunarvald í orkuvinnslu iðnaðinum.

Samkvæmt Orkulögum þarf samþykki Alþingis til að reisa orkuver, sem er meira en 2000 kW að afli. Þar eð minni orkuver en það hafa, að heita á, enga þýðingu fyrir orku-búskap landsins í heild, má segja, að ákvörðunarvald um öflun raforku handa íslendingum sé hjá Alþingi hverju sinni. Færa má ýmis rök fyrir því sjónarmiði, að óeðlilegt sé, að löggjafinn sé að vasast í málí, sem er í eðli sínu nánast framkvæmdaatriði, eins og það, hvar reist skulu orkuver hverju sinni. Á hinn bóginn verður ekki annað sagt, að með þessu sé þetta ákvörðunarvald; jafnvel um einstök orkuver, eins nærri því að vera í höndum almennings, þjóðarheildarinnar, og frekast er kostur.

Þetta ákvæði Orkulaga gildir um allar tegundir orkuvera, vatnsorkuver, jarðhitaorkuver eða eldsneytisorkuver. Vinnsla raforku úr jarðhita fellur því undir þetta ákvæði, eins og vinnsla úr vatnsafli.

Orkuflutningslinur eru ekki nefndar sérstaklega í Orkulögum, en meinung löggjafans er væntanlega sú, að með orðinu

orkuver sé átt við orkuverið sjálft, ásamt tilheyrandi flutningslinu. Og hingað til hafa allar flutningslinur að heita má tilheyrt ákveðnum orkuverum. Með samtengingu orkuvera verður breyting á þessu, og þarf því fljótlega að endurskoða Orkulögin að þessu leyti og setja þar ákvæði um orkuflutningslinur sérstaklega.

Um nýtingu jarðhita til annars en raforkuvinnslu er ekki að finna sérstök ákvæði í lögum, utan hvað tekið er fram, að landeiganda sé rétt að hagnýta sér jarðhita, eins og honum þykir bezt henta, til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar, með nánar tilgreindum takmörkunum. Ekki verður því séð, að neinar heimildir yfirvalda þurfi til að reisa og reka mannvirki til að vinna varma úr jarðhita til annarra hluta en raforkuvinnslu. Er þar um ósamræmi að ræða, borið saman við ákvæðin um raforkuvinnslu, sem leiðréttu þarf.

Yfirlit 1.

Vatnsvirkjanir á Íslandi.
Miðlunarlón.

	Km ²			
	Gróið	Ógróið	Vatn	Alls
Markarfljótslón	0	26	0	26
Þjórsárvatn (589.2 m y.s.)	60	45	20	125
Þórisvatn	1	9	70	80
Tungnaárveita	0	19	1	20
Langisjór	0	5	25	30
Hverfisfljót	0	20	6	26
Kriuvötn	5	8	0	13
Krókslón	4	8	2	14
Hrauneyjalón	0	6	3	9
Langöldulón	0	7	1	8
Tangalón (Sultartangi)	1	20	4	25
Skarðslón	0.5	0.5	4	5
Hvítárvatn	6	1	30	37
Sandárlón	4	8	1	13
Sandvatn	0	4	6	10
Þingvallavatn	0	0	84	84
Hvalvatn	1	1	4	6
Skorradalsvatn	0	0	15	15
Stóra Eyjavatn	0	0	2	2
Svínavatn	0	0	12	12
Laxárvatn	0	0	3	3
Blönduvatn (miðlunarlón)	20	24	6	50
Friðmundarvötn	0	0	10	10
Bugslón	14	70	0	84
Stífluvatn (í Fljóttum)	0	0	4	4
Dettifosslón	0	24	0	24
Kreppulón	0	63	1	64
Hafrahvammalón	0	40	0	40
Eyjabakkalón	17	28	11	56
Gilsárlón	13	2	1	16
Lagarfljót	6	4	70	80
	152.5	442.5	396.0	991

Yfirlit 2.
Háhitasvæði á Íslandi.

Nafn	Nýting	Km ²			Ath.
		Gróið	Ógróið	Alls	
Þeistareykir	ih	5	15	20	
Krafla	r	1	24	25	
Námafjall	r	0	11	11	
Fremrinámur	r	0	3	3	
Hrúthálsar	r	0	3	3	
Askja	r	0	25	25	
Kverkfjöll	en	0	20	20	
Grímsvötn	en	0	45	45	undir jökli
Vonarskarð	r	0	11	11	
Torfajökull	r	1	119	120	
Kerlingafjöll	r	0	13	13	um 11 km ² undir jökli
Hveravellir	r	0.5	1.5	2	
Geysir	r	4	4	8	
Hengill	ih	14	61	75	
Brennisteinsfjöll	ih	0	1	1	
Krísuvík	ih	2	23	25	um 2 km ² í Kleifarvatni
Svartsengi	ih	0	2	2	
Reykjanes	ih	0	3	3	
		27.5	384.5	412	

r = raforkuvinnsla

ih = iðnaður og hitun

en = engin nýting

Yfirlit 3.

Landnotkun vatnsorkuvera,
önnur en undir miðlunarlon.

Fyrir utan uppistöðulón þarf land undir vatnsvegi, ef þeir eru ofanjarðar, og stöðvarhús og starfsemi í kringum það. Vatnsvegir ofanjarðar eru skurðir, venjulega fárra tuga m breiðir og áhrif þeirra ná venjulega yfir um 100 m breitt svæði, þar með taldir vegir og staðir fyrir uppgröft. Áhrif á jarðvatn kunna þó að ná lengra. Stöðvarhús eru stundum neðanjarðar, en alltaf þarf nokkuð svæði vegna þeirra fyrir spennuvirkni, stöðvarvarðarbústaði, bílastæði og fleira. Landþörf í þessu skyni er varla yfir 5 ha að stærð á hverjum virkjunarstað. En auk þess þarf aðstöðu nærri öllum meginmannvirkjum virkjunar á byggingartíma hennar, sem kann að vera allt upp í 20 ha að stærð.

Í Efri-Þjórsá er skurður væntanlegur um 30 km að lengd, eftir landinu vestur af Þjórsárgljúfrum í um 550 m hæð. Stöðvarhús er ráðgert neðanjarðar sunnan við Gljúfurleitarfoss.

Við Bórisvatn eru 2 skurðir, hvor um sig um 2 km að lengd, annar milli Koldukvíslar og Bórisóss, en hinn við Vatnfell. Auk þess er farvegur sjálfrennandi vatns frá Vatnfelli niður í Tungná, um 5 km vegalengd.

Í Tungnárveitu eru 15 km langir skurðir.

Við Sigöldu eru 2 km skurðir, stöðvarhús norðan í Sigöldu.

Við Hrauneyjafoss eru 2 km skurðir og stöðvarhús í Bóris-tungum.

Við Skarð eru sennilega nokkrir skurðir, alls um 5 km að lengd.

Við Urriðafoss eru skurðir 5-10 km, þar með talinn veituskurður úr Hvítá yfir í Þjórsá

Við Langasjó, Hverfisfljót og Kriuvötn eru um 20 km skurðir samtals.

Í Hvitárvirkjun eru 40 km skurðir og nýir vatnsvegir.

Stöðvarhús er ráðgert neðanjarðar í ofanverðum Hrunamanna-hreppi, sennilega nærri bænum Fossi.

Í Blönduvirkjun eru skurðir um 10 km að lengd uppi á Stóraldalshálsi. Stöðvarhús er hugsað neðanjarðar niðri í Blöndudal neðarlega.

Í Jökulsá eystri í Skagafirði eru skurðir ráðgerðir 15-20 km út málann milli Eystri- og Vestridals, og auk þess 10-20 km veituskurðir uppi á hálendinu. Stöðvarhús er hugsað í Eystridal milli Ábæjar og Skatastaðar.

Við Dettifoss er skurður 4 km og stöðvarhús í gljúfrinu við Haffragilsfoss.

Austurlandsvirkjun. Aðalskurður er ráðgerður eftir Fljót-dalsheiði, frá Eyjabakkalóni til Gilsárvatna, í hæðinni 615-630 m, um 25 km langur. Aðrir skurðir í sambandi við veitur bæði úr vestri og austri, eru um 20 km. Stöðvarhús er á svæðinu frá Gilsá inn fyrir Teigsbjarg, sennilega neðanjarðar.



ORKUSTOFNUN

VATNSVIRKJANIR Á ÍSLANDI

Þjórsárvæði

Miðlunarlon


Mynd 1

SKÝRINGAR

Ógróðr

Gróðr

Vatn





ORKUSTOFNUN

VATNSVIRKJANIR Á ÍSLANDI

Suðvesturland

Miðlunarhlón


Mynd 2

SKÝRINGAR

Ógróð

Gróð

Vatn





ORKUSTOFNUN

VATNSVIRKJANIR Á ÍSLANDI

Vestfirðir
Miðlunarhlón

Mynd 3

SKÝRINGAR

██████ Ögróid

██████ Gróid

██████ Vatn





ORKUSTOFNUN

VATNSVIRKJANIR Á ÍSLANDI

Norðurland vestra

Miðlunarlón

Mynd 4

SKÝRINGAR

Ógróid

Gróid

Vatn

Siglufj.

Stífluvatn
4 km²

Sauðárkrúkur

Laxárvatn

3 km²

Svinavatn

12 km²

Blanda

Svartá

Héraðsvötn

Friðmundarvötn

10 km²

Blönduvatn

50 km²

Blanda

Bugslón

84 km²

Hofsjökull

N

Öxnadalur

Eyjafjordará

↗




ORKUSTOFNUN

VATNSVIRKJANIR Á ÍSLANDI

Norðurland vestra

Miðlunarón

Mynd 4





ORKUSTOFNUN

VATNSVIRKJANIR Á ÍSLANDI

Norðurland eystra

Miðlunarlon


Mynd 5

SKÝRINGAR

Ógríð

Gríð

Vatn






ORKUSTOFNUN

VATNSVIRKJANIR Á ÍSLANDI

Austurland


Miðlunarlon



Háhitasvæði á Íslandi
Suður – Þingeyjarsýsla

Mynd 7


Gróð
Ógróð



Háhitasvæði á Íslandi

Vatnajökull

Mynd 8






ORKUSTOFNUN

22. 3. 1973 LH/Gyða

Háhitasvæði á Íslandi

Kjölur og Mið - Suðurland

Mynd 9



Háhitasvæði á Íslandi

Reykjanes

Mynd 10

22.3.1973 LH/Gyða



Gróð

Ógróð

